

2
18. jan.

- milli hinna nýju hreppa. Þó er gjör sú undantekning frá nýnefndri reglu um skifting eignanna, að af fje því, sem hinum núverandi Hálshreppi hefir verið gefið til uppfræðslu ungmenna, sem er hálf jörðin Veturliðastaðir og hálf jörðin Brettingsstaðir, falli $\frac{1}{5}$ í hlut Flateyjarhrepps, en $\frac{4}{5}$ í hlut Hálshrepps.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í Flateyjarhreppi og 5 í Hálshreppi, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörd á hinum forna Hálshreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.

3
31. jan.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um afleysing prestsmötu- gjalds m. m.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir hans hátign konunginum 8. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess, að jörðin Fróðastaðir í Hvitársíðuhreppi verði greind frá Síðumúlakirkjueigninni, og losuð við allar skyldur til viðhalds Síðumúlakirkju, svo og við prestsmötu-
kvöð þá, er á jörðinni hvílir, en að þetta hvíli framvegis einungis á jörðinni Síðumúla í sama hreppi, og ennfremur að prestsmötukvöð sú, — 100 pd. af smjöri til sóknarprestisins að Gilsbakka, — er samkvæmt ofanskráðu hvílir á Síðumúlanum, verði afdnumin innan 5 ára gegn 1300 kr. endurgjaldi, með því skilyrði, að fje þetta ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og að beneficiarius njóti vaxtanna, og ennfremur að því áskildu, að jörðin Fróðastaðir verði framvegis skoðuð sem bændaeign, að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjer með til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum var-
ið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað til þess að ritað verði á þau ákvæði um, að eigi megi afhenda þau.

4 21. febr. Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um inn- flutning á svinum.

Stjórnarráðinu hefir frá forstöðumanni hvalaveiðastöðvarinnar á Tálkna-
firði, Olaf Fostenes, borist beiðni um, að honum verði leyft að flytja 10 grísi frá útlöndum til hvalaveiðastöðvarinnar. — Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins